

Lög

**um breytingu á lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð
fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta
sjón- og heyrnarskerðingu, nr. 160/2008
(leiðsöguhundar).**

1. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, II. kafli A, **Leiðsöguhundar**, með einni nýrri grein, 8. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Leiðsöguhundar.

Ríkissjóður skal tryggja árlega fjármagn til að afla, þjálfa og flytja inn leiðsöguhunda til samræmis við eftirspurn hverju sinni. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð sér um öflun leiðsöguhunda í samstarfi við Blindrafélagið. Notendur skulu ekki bera kostnað sem hlýst af öflun og þjálfun slíkra hunda eða vegna flutnings slíkra hunda til og frá landi hverju sinni.

Miðstöðin tekur á móti og afgreiðir umsóknir um leiðsöguhunda. Þeim skal úthlutað til einstaklinga sem taldir eru, að undangengnu mati, geta nýtt sér þá sem hjálpartæki til aukins öryggis og sjálfstædis við daglegt líf. Úthlutun er fylgt eftir með þjálfun hjá sérþjálfuðum hundabjálfurum og umferliskennurum. Úthlutun fylgir mat á aðstæðum einstaklings og mat á pörum einstaklings og leiðsöguhunds.

Rísi ágreiningur um ákvörðun miðstöðvarinnar skv. 1.–2. mgr. er heimilt að kæra ákvörðun hennar til ráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 13. júní 2021.